

# ÆFING: SPURNINGALISTI

Svörin við spurningunum eru hugsuð sem kynning að umræðum og viðbrögðum, nokkur svör eru háð því samhengi sem spurningarnar eru settar í hverju sinni.

## 1. Hvað er annað mál?

	1	X	2
1 Það er það sama og móðurmál			
X Það er málið sem talað er í umhverfinu og maður lærir eftir að hafa lært móðurmál sitt/sín			
2 Það er það sama og erlent tungumál			

## 2. Hvernig lærir barn að þekkja umhverfi sitt?

1 Þegar lesið er upphátt fyrir barnið			
X Með auknum þroska og skilningi, upplifun og reynslu í gegnum samskipti			
2 Það er verkefni foreldra			

## 3. Hvernig styður leikskólinn á sem bestan hátt við íslenskunám barnsins?

1 Í gegnum leik, athafnir og samskipti við önnur börn þar sem unnið er markvisst með íslensku sem annað mál			
X Með því að pressa barnið til þess að nota íslensku í tilsvörum			
2 Með því að banna barninu að tala móðurmál sitt við önnur börn			

## 4. Hvað er meirihlutamál

1 Tungumálið sem barnið talar verst			
X Tungumálið sem barnið er best í			
2 Tungumálið sem er notað í því samhengi og umhverfi sem barnið lærir í (leikskólanum – íslensku samfélagi)			

## 5. Hvernig styður þú við mál barnsins þegar það segir t.d. „Ég syngjaði í Leikskóli er gaman“?

1 Segir barninu að þetta sé ekki rétt og segir „getur þú prófað að segja þetta rétt“			
X Segir ekki neitt			
2 Segir við barnið: „já, einmitt, þú syngur Í leikskóla er gaman“.			

**6. Er málörvun hluti af námskrá eða starfsáætlun?**

1 Hægt er að hugsa málörvun sem hluta af öllum verkefnum í leikskólanum			
X Það er eingöngu hægt að vinna með málörvun í sérstökum málörvunartímum			
2 Málörvun er ekki hluti af almennri námskrá eða starfsáætlun leikskólans			

**7. Hvernig er best að styðja við máltöku íslensku sem annars máls þegar barnið er ekki farið að nota mikla íslensku í samskiptum?**

1 Ef barnið talar lítið þá þarf ekki að eiga í miklum samskiptum við það			
X Ef barnið tjáir sig með látbragði þá notum við líka látbragð og tölum lítið			
2 Ef barnið talar lítið eða tjáir sig með látbragði þá tölum við mikið og oft við barnið og reynum að skapa sameiginlegan skilning			

**8. Ef barnið tjáir sig lítið eða ekki í leikskólanum er nauðsynlegt að:**

1 veita því einstaklingsstuðnings/sérkennslu			
X Gefa því sérstakan gaum og stuðning í öllum þáttum dagskipulagsins frá fyrsta degi			
2 bíða og sjá til			

**9. Hvernig lærir barnið flest orð og hugtök?**

1 Með því að taka þátt í tilgangsríkum samskiptum um merkingu			
X Með því að æfa sama orðið aftur og aftur			
2 Með því að við leiðréttum það stöðugt			

**10. Þegar tvítyngd/fleirtyngd börn eiga í samskiptum nota þau merkingarvíxl (code-switching/skipting á milli tungumála) Hvað þýðir það?**

1 Börnin skipta á milli tveggja tungumála í sömu setningunni			
X Börn tala þannig að enginn skilur þau			
2 Samhengislaust samtal á milli aðila			

**11. Hvenær er barn tvítyngt?**

1 Það er þegar barnið er jafn gott í báðum/öllum tungumálunum sem það talar			
X Þegar barn hefur náð einhverjum tókum á tveimur eða fleiri tungumálum			
2 Þegar barn er búið að læra að tala íslensku			

**12. Hvað er tvílæsi (biliteracy)?**

1 Að geta lesið og skrifað á tveimur eða fleiri tungumálum			
X Að geta lesið texta með mörgum atviksorðum			
2 Sérstök tegund af enskum ritmáls- og leshætti			

**13. Eru einhverjir ókostir við að læra mörg tungumál í einu?**

1 Nei það er alltaf gott			
X Nei en máltaka tveggja eða fleiri tungumála getur tekið lengri tíma heldur en máltaka eins máls			
2 Já það getur verið skaðlegt fyrir börn			

**14. Skiptir móðurmál barna máli í málþroska þeirra?**

1 Nei það skiptir ekki máli			
X Já það skiptir miklu máli og leikskólinn og foreldrar geta unnið saman að því að efla móðurmál barna			
2 Það skiptir einhverju máli en það er alfarið á ábyrgð foreldra að vinna með það			